

28. desember 1977.

813

Nr. 479.

REGLUGERÐ

um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna.

Sameiginleg ákvæði.

1. gr.

Ílát skulu vera þétt og vel lukt. Óheimilt er að nota ílát sem notuð eru undir matvæli (þar með taldar drykkjarvörur). Varast ber að geyma ílát með hættulegum efnum þannig að á þeim verði villst og ílátum undir matvæli, lyf, snyrtiefni eða annað.

Ákvæði um gerð gleríláta (sexstrend og/eða riffluð) gilda ekki, ef glerílát taka meira en 1 lítra. Þrátt fyrir ákvæði um að ílát skuli vera úr málm eða gleri, er heimilt að nota ílát úr plasti, ef efnin eru ætluð til nota í iðnaði og eru flutt til landsins í þessum plastílátum, er jafnframt hafa hlotið samþykki eiturefnanefndar. Ef ílát eru úr plasti og rúma minna en 5 lítra skal að jafnaði farga þeim (brenna eða fleygja í öskutunnu), þegar þau hafa verið tæmd.

Á merkimiða skal auk nafns framleiðanda (seljanda) greina heiti efnis og styrkleika í hundradshlutum eða mólstyrkt, ef við á. Á merkimiða mega ekki vera myndir, aðrar en vörumerki eða nafnmerki fyrirtækis.

Ef kaupandi æskir þess við seljanda að hann setji eitthvert eftirtalinna efna í ílát, er kaupandi hefur með sér og framvisar, ber seljandi ábyrgð á því, að ílát þessi séu réttar gerðar og með réttum merkimiðum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Nú hlýst tjón af vegna vanrækslu þessa, og er seljandi þá skaðabótaskyldur.

Stórir bókstafir, er greinir við einstök efni að neðan, eiga við varnaðarmerki, sbr. viðauka 1. Setja skal varnaðarmerki á ílát undir einstök efni, svo sem bókstafir þessir gefa til kynna.

Merkimiðar og varnaðarmerki skulu vera eins greinileg á ílátum og frekast er unnt.

Sýrur og basar.

2. gr.

AMMÓNÍAKVATN (SALMIAKSPIRITUS), ef styrkleiki fer fram úr 3%.

Merkimiði skal vera gulur. B og D.

Glerílát skulu vera sexstrend og/eða riffluð.

BÓRSÝRA, óblönduð, mest 20 g.

Merkimiði skal vera gulur. F.

Ef bórsýra er seld í meira magni en 20 g, skal það einungis vera gegn eiturbeiðnum eða samkvæmt sérstökum leyfisskírteinum. Undantekning frá þessu er notkun bórsýru sem lyf. Er þá sala efnisins heimil í lyfjabúðum gegn lyfseðli.

BÓRSÝRA, í duftblöndum eða lausnum, selt sem lyf, mest 20 g bórsýra án lyfseðils. Merkimiði skal vera gulur. F.

BRENNISTEINSSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 5%.

Merkimiði skal vera gulur. A og D.

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.

Eigi má hafa brennisteinssýru á boðstólum í verslunum þannig, að viðskiptavinir geti tekið varninginn sjálfir.

DÍKLÓREDIKSÝRA og sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er 50% eða minna.

Merkimiði skal vera gulur. B og D.

Ef díklórediksýra eða sölt sýrunnar eru seld í meiri styrk en 50%, skal það einungis gert gegn eiturbeiðnum eða samkvæmt sérstökum leyfiskírteinum.

Undantekning frá þessu ákvæði er notkun díklórediksýru útvortis sem lyf. Er þá sala efnisins heimil í lyfjabúðum gegn lyfseðli.

EDIKSÝRA, ef styrkleiki er 5—15%.

Merkimiði skal vera gulur. C og F.

EDIKSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 15%.

Merkimiði skal vera gulur. B og D.

Óheimilt er að selja ediksýru í almennum verslunum í meiri styrk en 15%. Skal þá sala efnisins vera takmörkuð við lyfjabúðir og heildsölur.

FOSFÓRSÝRA (ortófosfórsýra), ef styrkleiki fer fram úr 5%.

Merkimiði skal vera gulur. B og D.

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.

KALÍUMHÝDROXÍÐ (KALÍLÚTUR), ef styrkleiki fer fram úr 3%.

Merkimiði skal vera gulur. A og D.

Ílát skulu vera úr gleri, blikki eða plasti.

Eigi má hafa kalíumhýdroxíð á boðstólum í verslunum þannig, að viðskiptavinir geti tekið varninginn sjálfir.

Ef kalíumhýdroxíð er selt í smásölu í föstu formi, skal það selt í blikkdósum með tryggilega smelltu loki. Ef kalíumhýdroxíð er selt í smásölu í lausn, er heimilt að nota plastílát, sem eru með öðrum lit en hvítum, glærum eða gulum. Glerílát skulu vera sexstrend og/eða riffluð.

KLÓRSÚLFÓNSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 5%.

Merkimiði skal vera gulur. A og D.

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend, og/eða riffluð.

Eigi má hafa klórsúlfónsýru á boðstólum í verslunum þannig, að viðskiptavinir geti tekið varninginn sjálfir.

MAURASÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 5%.

Merkimiði skal vera gulur. B og D.

NATRÍUMHÝDROXÍÐ (vítissóði), ef styrkleiki fer fram úr 3%.

Merkimiði skal vera gulur. A og D.

Ílát skulu vera úr gleri, blikki eða plasti.

Eigi má hafa natríumhýdroxíð á boðstólum í verslunum þannig, að viðskiptavinir geti tekið varninginn sjálfir.

Ef natríumhýdroxíð er selt í smásölu í föstu formi, skal það selt í blikkdósum með tryggilega smelltu loki. Ef natríumhýdroxíð er selt í smásölu í lausn, er heimilt að nota plastílát, sem eru með öðrum lit en hvítum, glærum eða gulum.

Glerílát skulu vera sexstrend og/eða riffluð.

OXALSÝRA og sölt sýrunnar (m. a. „sýrusalt“, kalíumtetraoxalat).

Merkimiði skal vera gulur. B og E.

PERKLÓRSÝRA.

Merkimiði skal vera gulur. B, D og H.

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.

PÍKRÍNSÝRA, blönduð minnst 30% af vatni, og sölt sýrunnar.

Merkimiði skal vera gulur. B, D og H.

SALTPÉTURSSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 5%, til annarra nota en hreinsunar á mjólkurílátum og mjaltakerfum.

Merkimiði skal vera gulur. B og D.

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.

SALTPÉTURSSÝRA, ætluð til hreinsunar á mjólkurílátum og mjaltakerfum.

Merkimiði skal vera gulur. B.

Ef saltpéturssýra er ætluð til hreinsunar á mjólkurílátum og mjaltakerfum, skulu vera á ílátunum leiðbeiningar á íslensku, er hlotið hafa samþykki eiturefnanefndar, um notkun og hvað gera skuli, ef slys ber að höndum.

Ef ílát eru úr plasti, skulu þau enn fremur hafa hlotið samþykki eiturefnanefndar.

SALTSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 7%.

Merkimiði skal vera gulur. B og D.

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.

TRÍKLÓREDIKSÝRA og sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er 50% eða minna.

Merkimiði skal vera gulur. B og D.

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.

Ef tríklórediksýra eða sölt sýrunnar eru seld í meiri styrk en 50%, skal það einungis vera gegn eiturbeiðnum eða samkvæmt sérstökum leyfisskírteinum. Undantekning frá þessu ákvæði er notkun tríklórediksýru útvortis sem lyf. Er þá sala efnisins heimil í lyfjabúðum gegn lyfseðli.

„**KÓNGAVATN**“: (1 hluti sterk saltpéturssýra og 2 hlutar sterk saltsýra) Ef óskað er eftir „Kóngavatni“, skal láta úti sterka saltpéturssýru og sterka saltsýru með fyrirmælum um, hvernig „Kóngavatn“ er búið til. Kaupanda skal afhenda seðil með þessum upplýsingum og einnig, að „Kóngavatn“ megi ekki geyma og skuli búa til einungis í því magni, er nota skal hverju sinni. Varðandi umbúðir og merkimiða skal hlíta ákvæðum um saltsýru hér að framan. B og D.

„**RAFGEYMISSÝRA**“: Ef varningur er seldur undir heitinu „rafgeymissýra“, skal hlíta ákvæðum um brennisteinssýru hér að framan.

„**SÝRUSALT**“: Ef varningur er seldur undir heitinu „sýrusalt“, skal hlíta ákvæðum um oxalsýru hér að framan.

Joð- og klórsambönd með sótthreinsandi verkun.**3. gr.****HALAZÓN.** (m. a. lausnartöflur)Merkimiði skal vera gulur. **E.****JOÐ.**Merkimiði skal vera gulur. **B og D.**

Ílát skulu vera úr gleri.

JOÐLAUSNIR.

Merkimiði skal vera gulur.

a) Joð leyst í vatni, spritti eða glýceróli. **F.**b) Joð leyst í bensini. **F og G.**

Ílát skulu vera úr gleri.

KALCÍUMHÝPÓKLÓRÍT (duft, virkt klór yfir 40%)Merkimiði skal vera gulur. **B og D.**

Ílát skulu vera úr blikki.

Merkja skal ílát og umbúðir með tilliti til þess, að efnið sé geymt á köldum stað og varað sé við eldhættu í snertingu við lífræn efni.

KALCÍUMHÝPÓKLÓRÍT. (lausnir, virkt klór yfir 40%)Merkimiði skal vera gulur. **B og D.**

Ílát skulu vera úr plasti.

Merkja skal ílát og umbúðir með tilliti til þess að efnið sé geymt á köldum stað.

KLÓRAMÍN.Merkimiði skal vera gulur. **F.****KLÓRAMÍNLAUSNIR,** ef styrkleiki fer fram úr 1%.Merkimiði skal vera gulur. **E.****KLÓRAMÍNLAUSNARTÖFLUR.**Merkimiði skal vera gulur. **E.****KLÓRKALK** (kalíumhýpóklórít, virkt klór minna en 40%).Merkimiði skal vera gulur. **B og D.**

Merkja skal umbúðir klórkalks með tilliti til þess, að efnið sé geymt á köldum stað.

NATRÍUMHÝPÓKLÓRÍTLAUSNIR („klór“, blæklór, bleikiklór).Merkimiði skal vera gulur. **B og E.**

Ílát úr gleri skulu vera sexstrend og/eða rífluð. Ílát úr plasti skulu vera með öðrum lit en hvítum, glærum eða gulum.

Ákvæði að framan gilda ekki, ef látið er úti 30 ml eða minna.

Ýmis benzen- og fenólsambönd.**4. gr.****ANILÍN OG ANILÍNLAUSNIR.**Merkimiði skal vera gulur. **A og D.**

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða rífluð.

Ef anilín eða anilínsölt eru í merkibleki, skal letra á ílát eftirfarandi:

Má ekki nota til þess að merkja bleijur eða önnur klæði ungbarna.

DÍKLÓRBENZEN (para-díklórbenzen).

Merkimiði skal vera gulur. E.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

FENÓL (KARBÓLSÝRA), í lausnum 2% eða minna, selt sem lyf.

Merkimiði skal vera gulur. F.
Ílát skulu vera úr gleri.

FENÓL (KARBÓLSÝRA), óblandað eða í lausnum sterkara en 2%.

Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.

KRESÓLAR (m. a. klórkresól og trikresól).

Merkimiði skal vera gulur. B og E.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málm.

KRESÓLAR Í SÁPULAUSN (sápukresólar), ef styrkleiki fer fram úr 1%.

Merkimiði skal vera gulur. E.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málm.

NAFTALEN (NAFTALÍN).

Merkimiði skal vera gulur. E.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

NÍTRÓANILÍN.

Merkimiði skal vera gulur. A og D.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

Lífræn leysiefni.

5. gr.

ACETÓN.

Merkimiði skal vera gulur. F og G.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

AMÝLALKÓHÓL.

Merkimiði skal vera gulur. F.

BENZEN. (BENZÓL).

Merkimiði skal vera gulur. D, G og I.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málm.

BENSÍN.

Merkimiði skal vera gulur. E og G.
Ekki má setja bensín í hvít, glær eða gul plastlát.

BRENNISTEINSKOLEFNI. (KARBÓNDÍSÚLFÍÐ).

Merkimiði skal vera gulur. D, G og I.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málm.

BÚTANÓL.

Merkimiði skal vera gulur. F og G.

BÚTANÓN. (METÝLETÝLKETÓN).

Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

BÚTÝLACETAT.

Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

BÚTÝLGLÝKÓL. (BÚTÝLCELLOSOLVE).

Merkimiði skal vera gulur. F og I.

CÝKLÓHEXAN.

Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

CÝKLÓHEXEN.

Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

DÍKLÓRMETAN. (METÝLENKLÓRÍÐ).

Merkimiði skal vera gulur. D og I.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða rífluð, eða úr málm.

DÍMETÝLFORMAMÍÐ.

Merkimiði skal vera gulur. A og D.

DÍOXAN.

Merkimiði skal vera gulur. B og G.

DÍPENTEN. (CÍNEN).

Merkimiði skal vera gulur. G og I.

ETRI. (ETÝLETRI).

Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

ETÝLACETAT.

Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

ETÝLENGLÝKÓL. (GLÝKÓL).

Merkimiði skal vera gulur. B og E.
Ef etýlenglýkól er selt sem frostlögur á kælikerfi vélknúinna ökutækja, skal hlíta ákvæðum reglugerðar nr. 5/1973 um breytingu á reglugerð nr. 129/1971 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

ETÝLGLÝKÓL. (CELLOSOLVE).

Merkimiði skal vera gulur. G og I.

ETÝLGLÝKÓLACETAT. (CELLOSOLVEACETAT).

Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

HEPTAN.

Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

HEXAN.

Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málm.

ÍSÓAMÝLALKÓHÓL.

Merkimiði skal vera gulur. F.

ÍSÓBÚTANÓL.

Merkimiði skal vera gulur. F og G.

ÍSÓBÚTÝLACETAT.

Merkimiði skal vera gulur. G og I.

Ílát skulu vera úr gleri eða málmí.

ÍSÓPRÓPANÓL.

Merkimiði skal vera gulur. F og G.

Ef ísóprópanól er selt á frjálsum markaði undir vöruheitinu „Ísvari“, skal hlíta ákvæðum reglugerðar 5/1973 um breyting á reglugerð nr. 129/1971 um notkun og hann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

KLÓRBENZEN. (MÓNÓKLÓRBENZEN).

Merkimiði skal vera gulur. D, G og I.

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmí.

METÝLETÝLKETÓN, sjá BÚTANÓN.**METÝLÍSÓBÚTÝLKTETON. (METÝLPENTANÓL).**

Merkimiði skal vera gulur. G og I.

Ílát skulu vera úr gleri eða málmí.

METÝLKLÓRÓFORM (TRÍKLÓRETAN; 1, 1, 1-tríklóretan), sjá TRÍKLÓRETAN. PENTAN.

Merkimiði skal vera gulur. G og I.

Ílát skulu vera úr gleri eða málmí.

PRÓPANÓL.

Merkimiði skal vera gulur. F og G.

SHELLSOL R (hvers konar).

Merkimiði skal vera gulur. G og I.

SOLVESSO R (hvers konar).

Merkimiði skal vera gulur. G og I.

STEINOLÍA. (PETROLEUM).

Merkimiði skal vera gulur. E og G.

Ekki má setja steinolíu í hvít, glær eða gul plastílát.

TERPENTÍNA (þar á meðal „WHITE SPIRIT“).

Merkimiði skal vera gulur. D og G.

Ekki má setja terpentínu í hvít, glær eða gul plastílát.

TETRAKLÓRETÝLEN (TETRAKLÓRETEN; PERKLÓRETÝLEN).

Merkimiði skal vera gulur. D og I.

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmí.

Eigi má selja meira en 200 ml af efninu í lausasölu. Ef meira er selt skal það vera gegn eiturbeiðnum eða samkvæmt sérstökum leyfisskírteinum.

TÓLÚEN (TÓLÚÓL).

Merkimiði skal vera gulur. G og I.

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmi.

TRÍKLÓRETAN (1, 1, 1-tríklóretan).

Merkimiði skal vera gulur. E og I.

Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

TRÍKLÓRETÝLEN (TRÍKLÓRETEN).

Merkimiði skal vera gulur. E og I.

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmi.

Eigi má selja meira en 100 ml af efninu í lausasölu. Ef meira er selt, skal það vera gegn eiturbæiðni eða samkvæmt sérstökum leyfisskírteinum. Ákvæði þessi eiga ekki við, þegar tríklóretýlen er selt sem svæfingarlyf (Trichlorethylene ad narcotin).

XÝLEN (XÝLÓL).

Merkimiði skal vera gulur. G og I.

Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmi.

Ef eitt eða fleiri þessara efna, ein sér eða í blöndu, eru sett sérstaklega á markað og seld til þess að hreinsa bletti („blettavatr“), klæði teppi eða annað, skal setja þau í ílát og setja á varnaðarmerki svo sem segir um hlutaðeigandi efni hér að framan eða frá er greint um það efni, sem mest er af í blöndunni. Sama gildir, ef eitt eða fleiri þessara efna eru í þessum varningi, sem hafður er á boðstólum handa almenningsi, svo sem lím, lökk, leysar og þynnar hverskonar, bón, gljái og fægilögur. Eiturefnanefnd getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, ef um óverulegt magn efna er að ræða.

Ef eitt eða fleiri þessara efna ein sér eða í blöndu, eru sett sérstaklega á markað og seld til þess að kveikja glóðareld eða annan eld eða til ljósa eða upphitunar, skal setja þau í ílát úr málmi og setja varnaðarmerki svo sem segir um hlutaðeigandi efni hér að framan eða frá er greint um það efni, sem mest er af í blöndunni.

Oxandi efni og sprengifim efni.**6. gr.****AMMÓNÍUMNÍTRAT.**

Merkimiði skal vera gulur. E og H.

HÝDRÓGENPEROXÍÐ, sjá SÚRVATN.**KALÍUMKLÓRAT.**

Merkimiði skal vera gulur. E og H.

Ílát skulu vera úr gleri.

KALÍUMNÍTRAT

Merkimiði skal vera gulur. E og H.

KALÍUMPERMANGANAT.

Merkimiði skal vera gulur. E og H.

KALÍUMPERMANGANATLAUSNIR, ef styrkleiki fer fram úr 3%.

Merkimiði skal vera gulur. E.

KALÍUMPERMANGANATLAUSNIR, ef styrkleiki er 3% eða minna.

Merkimiði skal vera gulur. F.

KALÍUMPEROXÍÐ.

Merkimiði skal vera gulur. B, D og H.

NATRÍUMKLÓRAT.

Merkimiði skal vera gulur. E og H.

Ílát skulu vera úr gleri.

NATRÍUMNÍTRAT.

Merkimiði skal vera gulur. E og H.

NATRÍUMPEROXÍÐ.

Merkimiði skal vera gulur. B, D og H.

PERKLÓRSÝRA (og sölt sýrunnar).

Merkimiði skal vera gulur. B, D og H.

Ílát skulu vera úr gleri, sbr. jafnframt 1. gr. að framan.

PÍKRÍNSÝRA, þurr eða blönduð vatni minna en 30%.

Merkimiði skal vera gulur. A, D og H.

SÚRVATN (HÝDRÓGENPEROXÍÐ), ef styrkleiki fer fram úr 3%.

Merkimiði skal vera gulur. B, D og H.

Ef styrkleiki fer fram úr 10%, skulu ílát ekki vera fyllt meira en að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Á merkimiða skal auk SÚRVATNS standa HÝDRÓGENPEROXÍÐ í sviga.

SÚRVATN (HÝDRÓGENPEROXÍÐ), ef styrkleiki er 3% eða minna.

Merkimiði skal vera gulur. F.

Ýmis efni.

7. gr.

ACETALDEHÝÐ.

Merkimiði skal vera gulur. G og I.

Óheimilt er að nota ílát úr plasti.

BLÝSAMBÖND. í lausnum ef styrkleiki fer fram úr 50%.

Merkimiði skal vera gulur. K.

Ákvæði þessi gilda þó ekki um blýarsenat og tetraetýlbly, en óheimilt er að láta þessi efni úti nema samkvæmt leyfisskirtingnum eða eiturbeiðnum, sbr. þó ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 129/1971.

BRENNISTEINSKLÓRÍÐ.

Merkimiði skal vera gulur. B og D.

DDT, sjá KLÓFENÓTAN.

FORMALÍN (formaldehýð í vatnslausn), ef styrkleiki fer fram úr 10%.

Merkimiði skal vera gulur. B og D.

FORMALÍN (formaldehýð í vatnslausn), ef styrkleiki er 10% eða minna.

Merkimiði skal vera gulur. F.

HEXICÍÐ, í lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er 2% eða minna og ekki ætlað sem lyf til útvortis notkunar.

Merkimiði skal vera gulur. E.

Sjá enn fremur ákvæði um sölu og merkingu undir klófenótan (DDT).

KLÓFENÓTAN (DDT), í lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er 10% eða minna og ekki ætlað sem lyf til útvortis notkunar.

Merkimiði skal vera gulur. E.

Á merkimiða skal auk heitis efnisins og styrkleika í hundraðshlutum standa:

SKORDÝRAEITUR.

Óheimilt er að láta úti hexicíð í lausnum eða blöndum sterkara en 2% og klófenótan í lausnum eða blöndum sterkara en 10% nema samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 131/1971 um notkun eitrefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Ef hexicíð og klófenótan eru látin úti sem lyf til útvortis notkunar, skal hlíta ákvæðum reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

METALDEHÝÐ („purrspritt“).

Merkimiði skal vera gulur. F og G.

SILFURNÍTRAT.

Merkimiði skal vera gulur. B og E.

SILFURNÍTRAT, í blöndum eða lausnum, ef styrkleiki fer fram úr 2%.

Merkimiði skal vera gulur. B og E.

SILFURNÍTRAT, í blöndum eða lausnum, ef styrkleiki er 2% eða minna.

Merkimiði skal vera gulur. F.

ZINKKLÓRÍÐ.

Merkimiði skal vera gulur. B og E.

ZINKKLÓRÍÐ, í lausnum, ef styrkleiki fer fram úr 5%.

Merkimiði skal vera gulur. E.

Sérákvæði um merkingu og varðveislu hættulegra efna á vinnustöðum.

8. gr.

Ef framangreind efni, ein sér eða í blöndum, eru á vinnustöðum geymd í tönkum, kerjum, tunnum, brúsum eða dunkum, er eigi eru merkt samkvæmt framansögðu, skal merkja ílát þessi varnaðarmerki B, sbr. viðauka 1, og þar á eftir skal standa stórum stöfum heiti hlutaðeigandi efnis eða þess/þeirra efnis/efna, er mest er af í blöndunni. Ílát undir brennisteinssýru, kalíumhýdroxíð, klórsúlfónsýru og natríumhýdroxíð skal þó merkja varnaðarmerki A, sbr. viðauka 1, auk heitis efnisins.

Framangreind ákvæði gilda enn fremur um hvers konar lagnir, leiðslur og slöngur, er efni þessi fara um. Öryggiseftirlitið getur krafist þess, að slíkar lagnir, leiðslur og slöngur séu með sérstökum lit og sérstakrar gerðar.

Hættuleg efni, er að framan greinir, skal varðveita á vinnustöðum þannig, að sem tryggilegast sé um þau búið og sem minnst hætta stafi af notkun þeirra. Öryggiseftirlitið setur nánari reglur að þessu lútandi.

Eftirlit.**9. gr.**

Lyfjaeftirlitið hefur eftirlit með sölu og varðveislu hættulegra efna í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum.

Heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með sölu og varðveislu hættulegra efna, sem eru á boðstólum í verslunum.

Öryggiseftirlitið hefur eftirlit með hættulegum efnum á vinnustöðum sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 455/1975, sbr. einnig 8. gr. að framan.

Viðurlög.**10. gr.**

Með mál er rísa kunna vegna brota á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Fyrir brot gegn reglugerð þessari skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi, allt að 2 árum.

Niðurlagsákvæði.**12. gr.**

Með gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 91/1974.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 17. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og öðlast gildi 1. janúar 1978.


Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið, 28. desember 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Viðauki 1.

VARNAÐARMERKI



VARNAÐARMERKI A

VARÚÐ – HÆTTULEGT

VARNAÐAR-
MERKI B

HÆTTULEGT AÐ NEYTA ÓÞYNNT

VARNAÐARMERKI C
(Rautt letur á ljósum grunni)

**MÁ EKKI GEYMA HJÁ EÐA HELLA Í
ÍLÁT, SEM NOTUÐ ERU UNDIR
MATVÆLI EÐA LYF. ANDIÐ EKKI AÐ
YÐUR INNIHALDINU, NEYTIÐ ÞESS
EKKI NÉ LÁTIÐ ÞAÐ LIGGJA Á HÚÐ.
GEYMIÐ ÞAR, SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.**

VARNAÐARMERKI D
(Rautt letur á ljósum grunni)

**MÁ EKKI GEYMA HJÁ EÐA HELLA Í
ÍLÁT, SEM NOTUÐ ERU UNDIR
MATVÆLI EÐA LYF.
GEYMIÐ ÞAR, SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.**

VARNAÐARMERKI E
(Rautt letur á ljósum grunni)

**VARÚÐ
GEYMIÐ ÞAR, SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.**

VARNAÐARMERKI F
(Rautt letur á ljósum grunni)

ELDFIMT **FORÐIST ELD**
OG ÓBYRG T LJÓS

VARNAÐARMERKI G

(Rautt letur á ljósum grunni)

SPRENGIFIMT **FORÐIST**
ELDNÆM
EFNI

VARNAÐARMERKI H

(Rautt letur á ljósum grunni)

VARÚÐ **VIÐ ALLA MEÐHÖNDLUN**
ER GÓÐ LOFTRÆSTING
NAUÐSYNLEG
GEYMIÐ Á KÖLDUM STAÐ

VARNAÐARMERKI I

(Rautt letur á ljósum grunni)

VARÚÐ **HÆTTA Á**
BLÝEITRUN

VARNAÐARMERKI K

(Rautt letur á ljósum grunni)

Skrá yfir efni í stafrófsröð.

Við hvert efni er getið þeirra greina er þau teljast til.

Acetaldehyð	7. gr.
Acetón	5. gr.
Ammóníakvatn	2. gr.
Ammóníumnítrat	6. gr.
Anilín	4. gr.
Amýlalkóhól	5. gr.
Benzen	5. gr.
Benzín	5. gr.
Benzól, sjá benzen	5. gr.
Bleikiklór, sjá natríumhýpóklórít lausnir	3. gr.
Blæklór, sjá natríumhýpóklórít- lausnir	3. gr.
Blýsambönd	7. gr.
Bórsýra	2. gr.
Brennisteinsklóríð	7. gr.
Brennisteinskolefni	5. gr.
Brennisteinssýra	2. gr.
Bútanól	5. gr.
Bútanón	5. gr.
Bútýlacetat	5. gr.
Bútýlcellosolve, sjá bútýlglykól	5. gr.
Bútýlglykól	5. gr.

Cellosolve, sjá etýlglykól	5. gr.
Cellosolveacetat sjá etýlglykóla- cetát	5. gr.
Cínén, sjá dípentén	5. gr.
Cýklóhexán	5. gr.
Cýklóhexén	5. gr.
DDT, sjá klófenótán	7. gr.
Díklórbenzen	4. gr.
Díklóredíksýra	2. gr.
Díklórmetán	5. gr.
Dípentén	5. gr.
Dimetýlformamíð	5. gr.
Díoxán	5. gr.
Edíksýra	2. gr.
Etri	5. gr.
Etýlacetat	5. gr.
Etýlenglykól	5. gr.
Etýletri, sjá etri	5. gr.
Etýlglykól	5. gr.
Etýlglykólacetat	5. gr.
Fenól	4. gr.
Formaldehýð, sjá formalín	7. gr.
Formalín	7. gr.
Fosfórsýra	2. gr.
Glykól, sjá etýlenglykól	5. gr.
Halazón	3. gr.
Heptán	5. gr.
Hexán	5. gr.
Hexicíð	7. gr.
Hýdrógenperoxíð, sjá súrvatn ..	6. gr.
Ísóamýlalkóhól	5. gr.
Ísóbutánól	5. gr.
Ísóbutýlacetat	5. gr.
Ísóprópanól	5. gr.
Joð	3. gr.
Joðlausnir	3. gr.
Kalcíumhýpóklórít	3. gr.
Kalílútur, sjá kalíumhýdroxíð ..	2. gr.
Kalíumhýdroxíð	2. gr.
Kalíumklórat	6. gr.
Kalíumnítrat	6. gr.
Kalíumpermanganat	6. gr.
Kalíumpermanganatlausnir	6. gr.
Kalíumperoxíð	6. gr.
Karbóndísúlfíð, sjá brennisteins- kolefni	5. gr.
Karbólsýra, sjá fenól	4. gr.
Klófenótán	7. gr.
„Klór“, sjá natríumhýpóklórít- lausnir	3. gr.
Klóramín	3. gr.

Klóramínlausnartöflur	3. gr.
Klóramínlausnir	3. gr.
Klórbenzen	5. gr.
Klóralk	3. gr.
Klórkesól, sjá kesólar	4. gr.
Klórsúlfónsýra	2. gr.
„Kóngavatn“	2. gr.
Kesólar	4. gr.
Kesólar í sápulausn	4. gr.
Maurasýra	2. gr.
Metaldehýð	7. gr.
Metýlenklóríð, sjá díklórmetan ..	5. gr.
Metýletýlketon, sjá bútanón	5. gr.
Metýlísóbútýlketón	5. gr.
Metýlklóróform	5. gr.
Metýlpentanól, sjá metýlísóbútýl- keton	5. gr.
Mónóklórbenzen, sjá klórbenzen..	5. gr.
Naftalen	4. gr.
Naftalín, sjá naftalen	4. gr.
Natríumhýdroxíð	2. gr.
Natríumhýpóklórítlausnir	3. gr.
Natríumklórat	6. gr.
Natríumnítrat	6. gr.
Natríumperoxíð	6. gr.
Nítróanilín	4. gr.
Ortófosfórsýra, sjá fosfórsýra ..	2. gr.
Oxalsýra	2. gr.
para-Díklórbenzen	4. gr.
Pentan	5. gr.
Perklóretýlen, sjá tetraklóretýlen.	5. gr.
Perklórsýra og sölt sýrunnar 2. gr.,	6. gr.
Petroleum, sjá steinolía	5. gr.
Píkínsýra	2. gr., 6. gr.
Própanól	5. gr.
„Rafgeymissýra“	2. gr.
Salmíakspíritus, sjá ammoníak- vatn	2. gr.
Saltpéturssýra	2. gr.
Saltsýra	2. gr.
Sápukesólar, sjá kesólar í sápu- lausn	4. gr.
Shellsol R, hvers konar	5. gr.
Silfurnítrat	7. gr.
Solvesso R, hvers konar	5. gr.
Steinolía	5. gr.
Súrvatn	6. gr.
„Sýrusalt“	2. gr.
Terpentína, þar á meðal „White Spirit“	5. gr.
Tetraklóreten, sjá tetraklóretýlen	5. gr.

Tetraklóretýlen	5. gr.
Tólúen	5. gr.
Tólúól, sjá tólúen	5. gr.
Triklórediksýra	2. gr.
Triklóretan, sjá metýlklóróform..	5. gr.
1, 1, 1-tríklóretan, sjá metýl- klóróform	5. gr.
Triklóreten, sjá tríklóretýlen ..	5. gr.
Triklóretýlen	5. gr.
Trikresól, sjá kresólar	4. gr.
Vítisóti, sjá natríumhýdroxíð	2. gr.
„White Spirit“, sjá terpentína ..	5. gr.
Xýlól, sjá Xýlen	5. gr.
Xýlen	5. gr.
Zinkklóríð	7. gr.
„Purrspritt“, sjá metaldehyð	7. gr.